

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

Árið 2009 fimmtudaginn 11. júní kom sveitarstjórn Húnaþings vestra saman til **158. fundar** í Ráðhúsi Húnaþings vestra kl. 15:00. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður kynnti.
 - a) Fundargerð 598. fundar 11. maí. Fundargerð í 9 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
 - b) Fundargerð 599. fundar 18. maí. Fundargerð í 8 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
 - c) Fundargerð 600. fundar 25. maí. Fundargerð í 8 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 5. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðar reglur um akstursstyrki til foreldra í dreifbýli með börn á leikskóla“ Borinn undir atkvæði 5 liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 5. atkvæðum. Heimir Ágústsson óskaði bókað að hann taki ekki þátt í afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.
 - d) Fundargerð 601. fundar 2. júní. Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
 - e) Fundargerð 602. fundar 3. júní. Fundargerð 1 liður. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
 - f) Fundargerð 603. fundar 8. júní. Fundargerð í 11 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
2. Fundargerð 106. fundar fræðsluráðs 9. júní. Fundargerð í 3 liðum. Oddviti kynnti. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 3. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir umsögn fræðsluráðs um drög að reglum um skólaakstur sem Samband íslenskra sveitarfélaga hafði sent sveitarstjóranum.“ Borinn undir atkvæði 3. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum.
3. Fundargerð 92. fundar landbúnaðarráðs 9. júní. Fundargerð 1 liður. Oddviti kynnti. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
4. Fundargerð 161. fundar skipulags og umhverfisráðs 4. júní. Fundargerð í 8 liðum. Oddviti kynnti. Borinn undir atkvæði 1. liður fundargerðarinnar og samþykkt með 6 atkvæðum. Stefán Böðvarsson óskaði bókað að hann taki ekki þátt í afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis. Borinn undir atkvæði 2. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 6 atkvæðum. Raket Runólfsdóttir óskaði bókað að hún taki ekki þátt í afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis. Borinn undir atkvæði 5. liður a og b fundargerðarinnar og samþykkt með 6 atkvæðum. Elín Jóna Rósinberg óskaði bókað að hún taki ekki þátt í

afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

5. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2009. Skrifstofustjóri og sveitarstjóri lögðu fram og kynntu endurskoðaða fjárhagsáætlun. Fram kom svohljóðandi tillaga: „Undirritaður leggur til að eignfærð fjárfesting verði lækkuð um 6 milljónir vegna sundlaugar.“ Heimir Ágústsson.
Tillagan borin undir atkvæði og felld með 5 atkvæðum gegn 2. Að loknum umræðum var lögð fram svohljóðandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og fyrirtækja árið 2009.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 4 atkvæðum.
6. Kosningar samkvæmt 57. gr. samþykkt um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra.
 - a) Kosning oddvita og varaoddvita. Lögð var fram tillaga um Guðnýju Helgu Björnsdóttur sem oddvita og Elínu R. Líndal sem varaoddvita. Samþykkt með 5 atkvæðum.
 - b) Kosning aðal- og varamanna í byggðarráð. Lögð var fram tillaga um Guðnýju Helgu Björnsdóttur, Elínu R. Líndal og Heimi Ágústsson sem aðalmenn. Tillaga um Rakel Runólfsdóttur, Þ. Karl Eggertsson og Stefán Böðvarsson sem varamenn. Samþykkt með 7 atkvæðum. Áheyrnarfulltrúi S- lista er Oddur Sigurðarson og til vara Elín Jóna Rósinberg.
7. Sumarleyfi Sveitarstjórnar. Lögð var fram svohljóðandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fella niður næstu 2 reglulega fundi sveitarstjórnar. Næsti fundur sveitarstjórnar verður haldinn þann 28. ágúst n.k. kl. 13:00 og kemur hann í stað reglulegs fundar í september. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 17:45

Elín R. Líndal(sign.),
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),
Rakel Runólfsdóttir(sign.),
Elín Jóna Rósinberg(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.).

Ólafur B. Óskarsson, fundarritari(sign.),
Skúli Þórðarson(sign.),
Þ. Karl Eggertsson(sign.),
Stefán Böðvarsson(sign.).